

AUGLÝSING

um breytingar á hverfisskipulagi og á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bergstaðastræti 51.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 4. október 2023, breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 51 við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst hækkun á rishæð hússins auk gerðar nýrra kvista á sitt hvorri hliðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Langholtsvegur 47.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 15. nóvember 2023, breytingu á deiliskipulagi Sundanna, reita 1.3 og 1.4, vegna lóðarinnar nr. 47 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur austan við húsið fyrir stakstætt, tímabundið og færanlegt húsnæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hálsahverfi – Grjótháls 1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 1. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir hjóla- og sorpskýli sem liggur að lóðarmörkum Grjótháls 5. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Orkureitur – Suðurlandsbraut 34 – Ármúli 31.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. febrúar 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags Orkureits vegna lóðarinnar nr. 34 við Suðurlandsbraut og 31 við Ármúla. Í breytingunni sem lögð er til felst aukning á byggingarmagni neðanjarðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunes, 1. áfangi – Jöfursbás.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufunes vegna endurskipulagningar á bílastæðum. Í breytingunni felst að skipulagsmörk fyrir Jöfursbás færast til austurs og stækkar skipulagssvæðið um 1,4 ha auk þess sem bílastæðum við Jöfursbás er fjölgað um samtals 61 stæði. Gert er ráð fyrir gönguleið að og meðfram bílastæðum, til samræmis við aðliggjandi deiliskipulag. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunes – Samgöngutengingar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi Gufunes – Samgöngutenginga. Í breytingunni felst að skipulagsmörk fyrir Jöfursbás færast til austurs og minnkar skipulagssvæðið um 0,8 ha. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugardalur – Þjóðarhöll.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 7. mars 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í breytingunni felst að lóð F og byggingarreitur Laugardals-hallar stækka en innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar þjóðarhallar er 20.000 m². Jafnframt minnkar lóð G og framlengdur Vegmúli inn í Laugardal og lóð fyrir bílajakjallara sunnan byggingar ÍSÍ og ÍBR eru felld út úr skipulagi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Selásbraut 98.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 21. mars 2024, tillögu að breytingu á hverfisskipulagi í Árbæ, hverfi 7.3. Selás, vegna lóðarinnar nr. 98 við Selásbraut. Í breytingunni felst að lóð er stækkuð til norðurs. Á lóðarstækkun er komið fyrir 28 bílastæðum, þar af þremur fyrir hreyfilhamlaða og á afstöðumynd eru nýbyggingar sýndar ásamt bílastæðum, upp-færðum byggingarreitum og gönguleiðum. Auk þess verður heimilt að setja svalir sem snúa í norð-austur og eru á 2. hæð og ofar 160 cm út fyrir byggingarreit. Í kjölfar athugasemda við áður auglýsta tillögu hefur fyrirhuguð innkeyrsla að lóðinni verið færð og fyrirkomulagi sorplausna breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr., sbr. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Heimhverfi – Sólheimar 36.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 18. apríl 2024, breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 36 við Sólheima. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir bílskúr er færður til vesturs og staðsettur í vesturhorni lóðar á mörkum Sólheima 34, 36 og Glaðheima 18, ásamt því að notkun hans er breytt í tómstundahús. Byggingarreitur fyrir íbúðarhús er færður neðar á lóðina til að passa núverandi íbúðarhúsi ásamt því að hægt verði að stækka húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Langholtsvegur 42.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 24. apríl 2024, breytingu á deiliskipulagi Sundanna, reita 1.3 og 1.4, vegna lóðarinnar nr. 42 við Langholtsveg. Í breytingunni felst breyting á notkun bílskúrs í vinnustofu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Esjumelar og Varmidalur – Silfursléttu 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 10. maí 2024, breytingu á deiliskipulagi Kjalarness, Esjumela og Varmadals, vegna lóðarinnar nr. 2-8 við Silfursléttu. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í fjórar lóðir, nýtingarhlutfall verður fest með nýtinguna 0,60 og núverandi innkeyrslur færðar til að bæta aðkoma inn á lóðirnar. Auk þess er afmarkað svæði á hverri lóð fyrir kvöð um umferð innan lóðar og á milli byggingarreitna hverrar lóðar ásamt því að krafa um mænishæð er felld niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hverfisgata 100 (98A, 100 og 100A) og 100C.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 16. maí 2024, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1, með síðari breytingum að Hverfisgötu

100 (98A, 100 og 100A) og 100C. Í breytingunni felst breyting á lóðamörkum milli lóða nr. 100 og 100C. Lóð 100 (fyrir sameiningu 98A, 100 og 100A) minnkar og lóð 100C stækkar sem því nemur ásamt því að byggingarmagn lóðar 100 breytist til samræmis við minnkun lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. maí 2024.

Björn Axelsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2024